

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 74. fundur haldinn að Lyngási, Egilsstöðum 16. des 2015.

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Jóhann Þórhallsson, Þórhallur Þorsteinsson, Steingrímur Karlsson og Björn Ármann Ólafsson. F.h. Vatnajökulsþjóðgarðs sátu fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir starfandi þjóðgarðsvörður og Sævar Þór Halldórsson. Fyrr hluta fundar sat einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdarstjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Forföll boðaði Guðmundur Björnsson.

Dagskrá:

1. Dagskrá fundarins
2. Fjárhagsáætlun 2016 – rekstraráætlun og framkvæmdaáætlun
3. Stjórnun og verndaráætlun – breytingar
4. Skýrsla þjóðgarðsvarðar
5. Önnur mál

1. Dagskrá fundarins

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við dagskrá.

2. Fjárhagsáætlun 2016 – rekstraráætlun og framkvæmdaáætlun.

Þórður framkvæmdastjóri kynnti rekstraráætlun þjóðgarðsins. Þar kom m.a. fram að viðbótarfjármagn upp á 2,9 m. gæti skilað um 14 vikum í aukna landvörslu frá fjárlögum fyrra árs. Þó þarf að gera ráð fyrir launa og verðlagsbreytingum eins og hækkun taxta landvarða í haust. Svæðisráð óskar eftir því að fá sundurliðaða áætlun svo hægt sé að lesa betur í rekstartölur. Þórður telur það sjálfsagt.

Ragna Fanney fór í gegnum framkvæmdalista fyrir 2016. Salerni við Snæfell er forgangsverkefni og teikningar er komnar, en úthlutað var 12,5 m. úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða í það verk. Beðið er eftir svari úr Framkvæmdasjóði vegna fyrirhugaðra framkvæmda á brú yfir Blöndu.

Í Snæfellsstofu var unnið töluvert í ár við bílastæði og á svæðinu sunnanmegin við húsið. Ekki náðist að planta, það strandaði á tíma en ekki kostnaði. Stefnt er á áframhaldandi stígagerð, setja upp hestastein, vinna við veraldarhjól og gera hjólagrind. Sýningin þarfnast smá endurbóta, t.d. eru snertiskjái í lamasessi. Komið er að viðhaldi á húsinu samkv. handbók. Einnig þarf að ljúka við að uppfæra kortið af þjóðgarðinum og upplýsingamerki vantar á Snæfellsstofu. Framkvæmdir vegna aðgengi fyrir alla næst jafnvel fyrir áramót.

Þórður segir að stjórn eigi eftir að ráðstafa framkvæmdafé ársins 107 milljónum milli svæðanna, ákveðnar upphæðir séu þó fyrirfram skuldbundnar.

Hálendið: Í Snæfelli þarf að mála, skipta um hluta af dýnum og yfirfara sólarsellur. Eftir er að setja upp hringsjá á Bjálfafell. Í Hvannalindum er þörf á áningaborði við Lindarsel. Vinna þarf í merkingum, skiltum og gestagötu, en í sum þessara verka eru til einhverjir fjármunir í formi styrkja.

Snæfellsöræfabæklingur er í vinnslu (með styrk frá Vinunum í úthlutun 2015), en þjóðgarðurinn þarf að leggja fram mótframlag.

Rædd var gönguleið um Eyjabakka inn í Geldingafell. Þórhallur varar við því að stika þá gönguleið og vill heldur hnitsetja á kort, þar sem er snjór yfir þegar fólk fer að ganga.

Koma á upp skilti við rústir í jaðri Lindahrauns. Þórhallur er því mótfallinn. Ragna segir að kaðlarnir verði víkkaðir út til að verja svæðið, en Minjavernd fékk styrk til að vernda rústirnar.

Þórður sýnir graf þar sem sést að á meðan gestafjöldi eykst til mikilla muna, þá fari úthlutað rekstrarfé alls ekki eftir þeirri kúrfu. Þess vegna er mikill skortur á fjárfestingafé.

Björn bendir á að í raun sé verið að nota fjárfestingafé í rekstur, þar sem rekstrarfé sé ekki nægt.

Önnur forgangsmál er brú eða hólkur á Volgu. Ruth mælir með að stefna á hólkana frekar en brú meðan að ekkert annað er í sjónmáli. Brú yrði gríðarleg framkvæmd og flóðhætta mikil. Rætt að fá álit sérfræðinga um hvað þessi lausn myndi kosta og fá góð ráð hjá Vegagerðinni varðandi hvað passaði að hafa marga hólka. Ákveðið var að þjóðgarðsvörður mundi fá verðhugmyndir fyrir næsta fund.

Forgangur verður settur á verkefni sem komin eru með styrki og þau sem snúa að öryggi (brýrnar).

3. Stjórnun og verndaráætlun – breytingar

Gengið var frá hugmyndum að breytingum varðandi þau atriði í drögum að SVÁ sem bókuð voru á síðasta fundi.

Varðandi texta um að “stýra skal allri umferð um lindarsvæðin með stikuðum gönguleiðum”, þá leggur fundurinn til að sleppt verði að nefna stikun og heldur talað um stýringu.

Varðandi Krepputungusporð þá var sérstaklega nefnt að bannað væri að tjalda þar, færa þetta yfir í tjöldunarkaflann.

Víðerni hjá þjóðgarðinum eru stærri en víðerni samkvæmt náttúruverndarlögum og skilgreiningu starfshóps 1998. Svæðisráð leggur til að stjórn þjóðgarðsins taki fyrir skilgreininguna á víðerni og sjá hvort aðlaga þurfi ekki skilgreininguna í takt við náttúruverndarlög, svo allir séu að tala um sama hlutinn.

Til bóta þykir að taka tjaldsvæðið út (en halda kamri) í *Hveragili*? Einnig þyrfti að skoða það að ekki má hafa kamar án þess að hann skerði víðernis í núverandi skilgreiningu en samt mega vera gangnamanna og gönguskálar.

Breyta þarf texta í “gert er ráð fyrir brú yfir Volgu”.

4. Skýrsla þjóðgarðsvarðar

Snyrtihús við Snæfellsskála, teikningarnar komu í dag, Ragna er ánægð með niðurstöðuna en þó vantar þurrsalerni á teikninguna. Útlitið nokkuð í stíl við skálann. Staðsetning var valin austur af húsinu milli tjaldsvæðis og skálans, stutt frá bílastæðinu.

Verkefni er kláruðust á árinu voru:

- Þurrsalerni við Kreppubrú*
- *Kaup á Lindaseli + lítillsháttar viðhald*
- *Snæfellsskáli viðhald, skipt um glugga á suður – og austurgöflum, skipt um klæðningu á söngstofu.*
- *Snæfellsstofa, áningaraðstaða, göngustígur, hillur, vegvísar, safe travel skjár, kassakerfi, gardínur í fundarsal, tarfur, frönsk þýðing á sýningu*
- *Slóð að Eyjakofa (Bergkvíslarkofa) lagfærð, Fljótsdalshreppur sá um þá framkvæmd*
- *Gönguleið, hringleið Sigurðarskáli – Kverkjökull*
- *Gönguleið stikuð að mestu frá Snæfellsskála að Vatnsdal.*
- *Grófur listi yfir verkefni sem eru í vinnslu.*
- *Deiliskipulagsvinna, Snæfell, Geldingafell, Hátungur*
- *Gönguleiðabæklingur Snæfellsöræfi*
- *Salernishús Snæfell*
- *Hringsjá Bjálfafelli*

Þjóðgarðsvörður vinnur með Minjastofnun að lausnum við rústir í Hvannalindum. Rætt að leggja meiri áherslu á gönguleiðir á Kreppuhrygg og reynt að hafa leiðina að rústunum sjálfum minna áberandi.

5. Önnur mál

Við óskum eftir því að þau erindi sem varða beint málefni, sérstaklega öryggis og atvinnumál austursvæðis þjóðgarðsins og berast skrifstofu þjóðgarðsins, verði komið áfram til þjóðgarðsvarðar og/eða svæðisráðs.

Sent var bréf til þingmanna undirritað af formönnum svæðisráða bæði Norður og Austursvæðis, þar sem þingmenn voru hvattir til að stuðla að auknu fé til rekstrar þjóðgarðsins. Vegna gífurlegrar fjölgunar ferðamanna, þá eykst þörfin á upplýsingamiðlun og öryggismálum.

Hugmynd er uppi um að hafa opið í Snæfellsstofu klukkutíma skemur á daginn en geta þá í staðinn haft opið fleiri daga.

Tillaga var gerð að fundaplani fyrir vorið; Fundir svæðisráðs eru áætlaðir 4. febrúar, 10. mars og 16. apríl.

*Fundi var slitið um kl.19:00
Fundargerð ritaði Steingrímur*